



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETAHJÓN TAKA ÞÁTT Í ALDARAFMÆLI ÞJÓÐRÆKNISFÉLAGA Í VESTURHEIMI

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, og frú Eliza Reid halda í dag til Winnipeg í Manitoba til að taka þar þátt í aldarafmæli Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi, Icelandic National League. Forseti mun flytja hátíðarræðu í tilefni afmælisins og eiga fundi með Janice Filmon, fylkisstjóra Manitoba, Brian Pallister, forsætisráðherra Manitoba, Brian Bowman, borgarstjóra Winnipeg, og forystumönnum Manitobaháskóla þar í borg.

Í ferðinni munu forsetahjónin einnig skoða Mannréttindasafnið í Winnipeg og heimsækja Nýja Ísland, byggðarlagið norður af Winnipeg þar sem margir Íslendingar settust að á 19. öld; þau munu blanda geði við aldraða Vestur-Íslendinga og taka þátt í viðburðum sem tengjast þingi Íslendingafélaga í Vesturheimi.

16. maí 2019

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).